

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 38

5. árgangur

17.9.1998

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

98/EES/38/01	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1223 – Tyco International/US Surgical Corp.)	1
98/EES/38/02	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1230 – Glaverbel/PPG)	1
98/EES/38/03	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1239 – RWE-DEA/Fuchs Petrolub)	2
98/EES/38/04	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1263 – Nortel/Bay)	2
98/EES/38/05	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 76/97 - Spánn	3
98/EES/38/06	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 18/98 - Holland	3
98/EES/38/07	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 46/98 (áður N 791/97) - Ítalía	4
98/EES/38/08	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Tilkynning frá Írlandi um breytingu á skilyrðum fyrir skyldu um opinbera þjónustu í áætlunarflugi á milli Dublin og Donegal	4

98/EES/38/09	Rekstur áætlunarflugs - Útboðsauglýsing frá Írlandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs á milli Dublin og Donegal	4
98/EES/38/10	Tilkynning frá framkvæmdastjórninni um beitingu samkeppnisreglna gagnvart aðgangssamningum á sviði fjarskipta – rammaákvæði, markaðir sem skipta máli og meginreglur	5
98/EES/38/11	Tilkynning til sammingsstofnana á sviði fjarskipta	5
98/EES/38/12	Tölfræðilegar upplýsingar um tækniforskriftir sem tilkynnt var um árið 1997 samkvæmt tilskipun 83/189/EBE	6
98/EES/38/13	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir	7
3. Dómstóllinn		
98/EES/38/14	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna	9
98/EES/38/15	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi	12

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1223 – Tyco International/US Surgical Corp.)

98/EES/38/01

Framkvæmdastjórnin ákvað 7. 8. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírsgútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1223. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1230 – Glaverbel/PPG)

98/EES/38/02

Framkvæmdastjórnin ákvað 7. 8. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírsgútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1230. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1239 – RWE-DEA/Fuchs Petrolub)****98/EES/38/03**

Framkvæmdastjórnin ákvað 11. 8. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á þýsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CDE“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1239. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1263 – Nortel/Bay)****98/EES/38/04**

Framkvæmdastjórnin ákvað 21. 8. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1263. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 76/97
Spánn

98/EES/38/05

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að útvíkka málsmeðferð sem hafin var samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna aðstoðar við fyrirtækið Daewoo Electronics Manufacturing España S.A. (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 266 frá 25. 8. 1998).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

European Commission
Directorate-General for Competition (DG IV)
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Spán.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 18/98
Holland

98/EES/38/06

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna aðstoðar við fyrirtækið Océ N.V. til að gera því kleift að þróa litprentara með plekinnsþýtingu (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 270 frá 29. 8. 1998).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

European Commission
Directorate-General for Competition (DG IV-H-2)
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 98 16

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Holland.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 46/98 (áður N 791/97)
Ítalía

98/EES/38/07

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 5. mgr. 6. gr. ákvörðunar nr. 2496/96/KSE frá 18. desember 1996 um aðstoð sem Ítalía veitti fyrirtækinu Acciaierie di Bolzano (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 269 frá 28. 8. 1998).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

European Commission
Directorate-General for Competition (DG IV)
State Aid Directorate II
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 98 17

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Ítalíu.

Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið
1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92

98/EES/38/08

Tilkynning frá Írlandi um breytingu á skilyrðum fyrir skyldu um opinbera þjónustu í áætlunarflugi á milli Dublin og Donegal

Írland hefur ákveðið að breyta skilyrðum fyrir skyldu um opinbera þjónustu í áætlunarflugi á milli Dublin og Donegal sem birtust í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 3 frá 6. janúar 1996 í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 268, 27. 8. 1998).

Rekstur áætlunarflugs

98/EES/38/09

Útboðsauglýsing frá Írlandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs á milli Dublin og Donegal

Írland hefur í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins breytt skilyrðunum fyrir skyldu um opinbera þjónustu í áætlunarflugi á milli Dublin og Donegal. Breytt skilyrði fyrir þessari skyldu um opinbera þjónustu voru birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 268, 27. 8. 1998 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 269, 28. 8. 1998).

Ef ekkert flugfélag hefur hafið eða er við það að hefja reglubundið áætlunarflug á milli Dublin og Donegal, í samræmi við skyldur um opinbera þjónustu, fyrir 1. janúar 1999, og án þess að fara fram á bótageiðslur, hefur Írland ákveðið að bjóða réttinn til að stunda rekstur á þeim, frá 1. janúar 1999, út í almennu útboði.

Tilboðin skulu send í ábyrgðarpósti með kvittun fyrir móttöku og gildir póststimpill sem sönnun fyrir sendingu, eða afhent persónulega gegn kvittun, eigi síðar en 31 degi eftir birtingu þessarar auglýsingar í fyrrnefndum Stjtið. EB, fyrir kl. 17 00 að staðartíma í umslagi merktu „EASP Tender“, á eftirfarandi heimilisfang:

Department of Public Enterprise,
Room 3.04
44 Kildare Street
IRL-Dublin 2

Tilkynning frá framkvæmdastjórninni um beitingu samkeppnisreglna 98/EES/38/10 gagnvart aðgangssamningum á sviði fjarskipta – rammaákvæði, markaðir sem skipta máli og meginreglur

Framkvæmdastjórnin birti tilkynningu um beitingu samkeppnisreglna gagnvart aðgangssamningum á sviði fjarskipta í Stjtið. EB nr. C 257 frá 15. 8. 1998.

Í fjarskiptaiðnaðinum eru aðgangssamningar mjög þýðingarmiklir því þeir veita aðilum á markaðinum hlutdeild í ávinningnum af afnámi hafta. Tilkynningin miðar að því að:

- fastsetja meginreglur um aðgang á grundvelli samkeppnislaga bandalagsins, eins þau eru sett fram í fjölmörgum ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar, í því skyni að skapa meira öryggi á markaðinum og stuðla að betri skilyrðum fyrir fjárfestingar og frumkvæði í viðskiptum á sviði fjarskipta og margmiðlunar,
- skilgreina og skýra tengslin milli samkeppnislaga og sérstakrar löggjafar á fjarskiptasviðinu innan ramma 100. gr. a (þetta gildir einkum um tengslin milli samkeppnisreglna og löggjafar um frjálsan aðgang að netum (ONP)),
- gera grein fyrir hvernig samkeppnisreglum verður beitt á samkvæman hátt á öllum sviðum þar sem ný þjónusta er látin í té, einkum hvað varðar ólíka aðgangsjónustu (tilkynningin er birt í heild í fyrrnefndum Stjtið. EB).

Tilkynning til samningsstofnana á sviði fjarskipta

98/EES/38/11

Framkvæmdastjórnin birti í Stjtið. EB nr. C 273 frá 2. 9. 1998 tilkynningu þar sem samningsstofnanir á sviði fjarskipta eru hvattar til þess að tilkynna, í samræmi við 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 93/38/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti, um hverskonar þjónustu sem þær telja að falli utan gildissviðs tilskipunarinnar.

Þegar framkvæmdastjórnin hefur rannsakað skýrslur sem henni berast í kjölfar þessarar tilkynningar mun hún birta skrá í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins yfir þær tegundir þjónustu sem hún telur að falli utan gildissviðs 8. gr. (sjá nánari upplýsingar í fyrrnefndum Stjtið. EB).

Skýrslur samkvæmt þessari tilkynningu sendist eigi síðar en fimm vikum eftir að hún birtist í Stjtið. EB á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General XV/B/4
Avenue de Cortenberg 10
B-1040 Brussels

**Tölfræðilegar upplýsingar um tækniforskriftir sem tilkynnt var 98/EES/38/12
um árið 1997 samkvæmt tilskipun 83/189/EBE**

Framkvæmdastjórnin birti tölfræðilegar upplýsingar um tækniforskriftir sem tilkynnt var um árið 1997 samkvæmt tilskipun 83/189/EBE í Stjtið. EB nr. C 281 frá 10. 9. 1998.

Þessar tölfræðilegu upplýsingar taka til upplýsinga sem framkvæmdastjórnin lagði fram í samræmi við 11. gr. tilskipunar 98/34/EB⁽¹⁾ (tilskipun sem styrkir tilhögunina sem kveðið er á um í tilskipun 83/189/EBE) (sjá nánari upplýsingar í fyrnefndum Stjtið. EB).

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 204 frá 21. 7. 1998.

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

98/EES/38/13

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjttíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjttíð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
98-0292-NL	Reglugerð um breytingu á reglugerð um vinnuskilyrði í tengslum við setningu reglna um tilviljunarkenndar afskrifir á arbo-fjárfestingum	⁽⁴⁾
98-0294-I	Breyting á 55. gr. í forsetaúrskurði nr. 1496 frá 30. desember 1968 um framkvæmd laga nr. 46 frá 30. janúar 1968 um eftirlit með heitum og merkingu á eðalmálum	28.9.1998
98-0299-A	Fyrirmæli frá skrifstofu sambandsríkisins fyrir kvörðun og mælingar til framkvæmdar á kvörðunar-forskriftum að hitamælum fyrir fljótandi varmaleiðara	7.10.1998
98-0295-I	Stofnun miðstöðvar fyrir þróun nútímalistar og nýrra safna, ásamt breytingum á lögum um menningarlegan þjóðararf – A.S. 3167	28.9.1998
98-0304-I	Héraðsreglugerð um markaðseiginleika og notkunarmöguleika eldsneytis sem hefur veruleg áhrif á loftmengun	2.10.1998
98-0313-GR	Tækniforskrift sem ber titilinn „Drög að lögum um aðgerðir og reglur í tengslum við annars konar meðhöndlun á umbúðum og öðrum vörum. Stofnsetning innlendra samtaka um annars konar meðhöndlun á umbúðum og öðrum vörum (grísk merking EOEDSAP). Upptaka í landsrétt á tilskipun ráðsins 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang (Stjttíð. EB nr. L 365/16/31-12-94)“	14.10.1998
98-0297-NL	Samningur um endingargóðar byggingar	5.10.1998
98-0301-DK	Lög um breytingu á lögum um skattlagningu á vélknúin ökutæki eftir þyngd o.s.frv. og lögum um skattlagningu á tilteknar fólksbifreiðir í samræmi við eldsneytisnotkun	⁽⁴⁾
98-0312-S	Forskrift að breytingu á forskrift (1992:1554) um eftirlit með fíkniefnum	23.10.1998
98-0302-S	SJVFS 1998: 10 Stjórnsýsluákvæði sænska landbúnaðarráðuneytisins um styrki á sviði umhverfismála (stjórnsýsluákvæði um umhverfisstyrki)	⁽⁴⁾
⁽³⁾ ⁽⁴⁾ ⁽⁵⁾		

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

⁽²⁾ Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

⁽³⁾ Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

⁽⁵⁾ Ekkert stöðvunartímabil vegna skatta- eða fjármálaráðstafana; sbr. 3. lið 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 94/10/EB.

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

DÓMSTÓLLINN

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

98/EES/38/14

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 7. maí 1998 í máli C-113/96 (beiðni um forúrskurð frá Bundessozialgericht): Manuela Gómez Rodríguez og Gregorio Gómez Rodríguez gegn Landesversicherungsanstalt Rheinprovinz (almannatryggingar fyrir farandlaunþega – bætur til munaðarleysisgja).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 7. maí 1998 í máli C-124/96: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Spáni, með stuðningi hins Sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands (vanræksla samningsaðila á að standa við skuldbindingar sínar – sjötta tilskipun ráðsins 77/388/EBE – undanþága vegna tiltekinnar þjónustu sem tengist íþróttum eða líkamsrækt – óréttmætar takmarkanir).

Dómur dómstólsins frá 7. maí 1998 í máli C-401/96 P: Somaco SRL gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (áfrýjanir – samkeppni – engin aðgerð sem takmarkar samkeppni á Martinique vegna óviðráðanlegs þrýstings af hálfu staðaryfirvalda – niðurstöður rangtúlkaðar).

Dómur dómstólsins (fjórða deild) frá 7. maí 1998 í sameinuðum málum C-52/97, C-53/97 og C-54/97 (beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale, Trento): Epifanio Viscido, Mauro Scandella o.fl. og Massimiliano Terragnolo o.fl. gegn Ente Poste Italiane (aðstoð frá aðildarríkjunum – merking – innlendir réttur sem veitir aðeins einu opinberu fyrirtæki undanþágu frá almennu reglunni um starfssamninga til ákveðins tíma).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 12. maí 1998 í máli C-366/95 (beiðni um forúrskurð frá Højesteret): Landbrugsministeriet – EF-Direktoratet gegn Steff-Houlberg Export I/S, Nowaco A/S og Nowaco Holding A/S, SMC af 31/12-1989 A/S (óhófleg bandalagsaðstoð – endurgreiðsla – beiting landslaga – skilyrði og takmarkanir).

Dómur dómstólsins frá 12. maí 1998 í máli C-85/96 (beiðni um forúrskurð frá Bayerisches Landessozialgericht): María Martínez Sala gegn Freistaat Bayern (8. gr. a, 48. og 51. gr. EB-sáttmálans - skilgreining á hugtakinu „launþegi“ – 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 - barnabætur – skilgreining á hugtakinu „fjölskyldubætur“ – 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1612/68 – skilgreining á hugtakinu „félagsleg ívilnun“ – krafa um dvalarleyfi).

Dómur dómstólsins frá 12. maí 1998 í máli C-106/96: Hið Sameinaða konungsríki Stóra-Bretland og Norður-Írland, með stuðningi Sambandslýðveldisins Þýskalandis, ráðs Evrópusambandsins og Konungsríkisins Danmerkur gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, með stuðningi Evrópuþingsins (aðgerðaáætlun bandalagsins um að berjast gegn félagslegri útskúfun – fjármögnum - lagastoð).

Dómur dómstólsins frá 12. maí 1998 í máli C-170/96: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, með stuðningi Evrópuþingsins, gegn ráði Evrópusambandsins, með stuðningi Konungsríkisins Danmerkur, Lýðveldisins Frakklands og hins Sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands (reglur samþykktar af ráðinu – sameiginleg aðgerð er varðar vegabréfsáritun vegna millilendinga - lagastoð).

Dómur dómstólsins frá 12. maí 1998 í máli C-336/96 (beiðni um forúrskurð frá Tribunal Administratif, Strasbourg): Herra og frú Robert Gilly gegn Directeur des Services Fiscaux du Bas-Rhin (6., 48. og 220. gr. EB-sáttmálans – jöfn málsmeðferð – tvíhliða samningur til að koma í veg fyrir tvísköttun – launþegar sem sækja vinnu yfir landamæri).

⁽¹⁾ Sjá Stjútö. EB nr. C 234, 25. 7. 1998.

Dómur dómstólsins frá 12. maí 1998 í máli C-367/96 (beiðni um forúrskurð frá Efeteio - Athinon): Alexandros Kefalas o.fl. gegn Elliniko Dimosio (gríska ríkið), Organismos Ikonomikis Anasinkrotisis Epikhiriseon AE (OAE), meðalgöngumaður: Athinaiki Khartopiia AE o.fl.(félagaréttur – hlutafélag í fjárhagserfiðleikum – fjármagnsaukning samkvæmt stjórnsýsluákvörðun – misbeiting réttar sem leiðir af lögum bandalagsins).

Dómur dómstólsins (þriðja deild) frá 14. maí 1998 í máli C-48/96 P: Windpark Groothusen GmbH & Co. Betriebs KG gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (áfryjún – fjárhagsaðstoð í orkugeiranum - Thermie-áætlunin - réttur á fullri réttarvernd - skylda að tilgreina ástæður – áheyrnarréttur - þagmælska).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 14. maí 1998 í máli C-259/96 P: Ráð Evrópusambandsins gegn Lieve de Nil og Christiane Impens (áfryjún - embættismenn - innanhússsamkeppnispróf – aðgerðir til að framfylgja dómi um ógildingu á ákvörðun – stöðuhækkun í kjölfar samkeppnisprófs án afturvirkra áhrifa – efnislegt og óefnislegt tjón).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 14. maí 1998 í máli C-364/96 (beiðni um forúrskurð frá Bezirksgericht für Handelssachen Wien): Verein für Konsumenteninformation gegn Österreichische Kreditversicherungs AG (tilskipun 90/314/EBE um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka – umfang verndar gegn áhættu vegna gjaldþrots ferðaskrifstofu).

Dómur dómstólsins frá 19. maí 1998 í máli C-132/95 (beiðni um forúrskurð frá Østre Landsret): Bent Jensen og Korn- og Foderstofkompagniet A/S gegn Landbrugsministeriet, EF-Direktoratet (bandalagsréttur – meginreglur – fjárhæðir greiddar samkvæmt lögum bandalagsins reiknaðar á móti gjaldföllum skuldum við aðildarríki – stefna bandalagsins í landbúnaðarmálum – reglugerð (EBE) nr. 1756/92 – styrkjakerfi fyrir framleiðendur tiltekins korns).

Dómur dómstólsins frá 19. maí 1998 í máli C-3/96: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn konungsríkinu Hollandi, með stuðningi Sambandslýðveldisins Þýskalands (verndun villtra fugla – sérstök verndarsvæði).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 19. maí 1998 í máli C-351/96 (beiðni um forúrskurð frá Cour de Cassation, Frakklandi): Drouot Assurances SA gegn Consolidated Metallurgical Industries (CMI Industrial Sites), Protea Assurance, Groupement d'Intérêt Économique (GIE) Réunion Européenne (Brussel-samningurinn – túlkun á 21. gr. - Lis alibi pendens – skilgreining á sömu samningsaðilum – tryggingarfélag og hinn váttryggði).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 28. maí 1998 í máli C-7/95 P: John Deere Ltd gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (áfryjún – dómhæfi – lagalegt álitaefni – álitaefni sem varðar málsatvik – samkeppni – kerfi fyrir upplýsingaskipti – takmörkun á samkeppni – beiðni um undanþágu hafnað).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 28. maí 1998 í máli C-8/95 P: New Holland Ford Ltd gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (áfryjún – dómhæfi – lagalegt álitaefni – álitaefni sem varðar málsatvik – samkeppni – kerfi fyrir upplýsingaskipti – takmörkun á samkeppni – beiðni um undanþágu hafnað).

Dómur dómstólsins frá 28. maí 1998 í máli C-22/96: Evrópuþingið með stuðningi framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna gegn ráði Evrópusambandsins (ákvörðun ráðsins 95/486/EB – IDA – fjarvirkninet – lagastoð).

Dómur dómstólsins (fyrsta deild) frá 28. maí 1998 í máli C-3/97 (beiðni um forúrskurð frá Court of Appeal (England and Wales), Criminal Division: sakamál á hendur John Charles Goodwin og Edward Thomas Unstead (skattaákvæði – samræming á lögum - veltuskattur – sameiginlegt kerfi fyrir virðisaukaskatt – sjötta tilskipun – gildissvið – sala á eftirlíkingum af ilmvatnsvörum).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 28. maí 1998 í máli C-213/97: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Portúgal (vanræksla samningsaðila á að standa við skuldbindingar sínar – tilskipun 86/280/EBE og 88/347/EBE – vanræksla á að taka lög bandalagsins upp í landsrétt innan tilskilins frests).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 28. maí 1998 í máli C-298/97: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Spáni (vanræksla samningsaðila á að standa við skuldbindingar sínar – tilskipun 91/157/EBE – vanræksla aðildarríkis á að samþykka áætlanirnar sem kveðið er á um í 6. gr. tilskipunarinnar).

Mál C-212/98: Mál höfðað þann 9. júní 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Írlandi.

Mál C-153/98 P: Áfrýjað var þann 17. apríl 1998 af Société Guérin Automobiles EURL ákvörðun dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (önnur deild) dags. 13. febrúar 1998 í máli T-275/97 milli Société Guérin Automobiles EURL og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-156/98: Mál höfðað þann 24. apríl 1998 af Sambandslýðveldinu Þýskalandi gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-172/98: Mál höfðað þann 8. maí 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Mál C-176/98: Beiðni um forúrskurð frá Tribunale Amministrativo per la Sardegna samkvæmt dómi þess dómstóls frá 12. febrúar 1998 í máli Holst Italia SpA gegn bæjarfélaginu Cagliari og Ruhrwasser AG International Water Management SpA.

Mál C-188/98: Mál höfðað þann 18. maí 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Stórhertogadæminu Lúxemborg.

Mál C-190/98: Beiðni um forúrskurð frá Oberlandesgericht Linz samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 15. apríl 1998 í máli Volker Graf gegn Filzmoser Maschinenbau GmbH.

Mál C-192/98: Beiðni um forúrskurð frá Corte dei Conti – deild sem sér um að staðfesta gerðir ríkisstjórnarinnar og stjórnarsýslunnar - samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 20. mars og 7. apríl 1998 í máli sem varðar ráðuneyti á sviði opinberra verkframkvæmda og efnahagsmála og ANAS – Azienda Nazionale Autonoma delle Strade (sem í dag heitir Ente Nazionale per le Strade).

Mál C-193/98: Beiðni um forúrskurð frá Oberlandesgericht Köln samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 8. maí 1998 í máli er varðar sekt sem lögð var á Alois Pfenningmann.

Mál C-194/98: Beiðni um forúrskurð frá Oberlandesgericht Köln samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 8. maí 1998 í máli er varðar sekt sem lögð var á Eckard Pörschke.

Mál C-195/98: Beiðni um forúrskurð frá Oberster Gerichtshof samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 30. apríl 1998 í máli Österreichischer Gewerkschaftsbund, Gewerkschaft öffentlicher Dienst, gegn Lýðveldinu Austurríki.

Mál C-196/98: Beiðni um forúrskurð frá Social Security Commissioner samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 8. maí 1998 í máli Regina Virginia Hepple, Anna Stec, Patrick Vincent Lunn, Oliver Kimber og Sybil Spencer gegn Adjudication Officer.

Mál C-197/98: Mál höfðað þann 20. maí 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-198/98: Beiðni um forúrskurð frá Industrial Tribunal, Bristol, samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 6. maí 1998 í máli en 1) Mr G. Everson og 2) Mr T.J. Barrass gegn 1) Secretary of State for Trade and Industry og 2) Bell Lines Ltd (í skiptameðferð).

Mál C-199/98 P: Áfrýjað var þann 25. maí 1998 af Anthony Goldstein ákvörðun dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (þriðja deild) dags. 16. mars 1998 í máli T-235/95 milli Anthony Goldstein og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-203/98: Mál höfðað þann 28. maí 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Mál C-204/98: Mál höfðað þann 29. maí 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-205/98: Mál höfðað þann 29. maí 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Austurríki.

Mál C-207/98: Beiðni um forúrskurð frá Landesarbeitsgericht Mecklenburg-Vorpommern samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 16. apríl 1998 í máli Silke-Karin Mahlburg gegn fylkinu Mecklenburg-Vorpommern.

Mál C-208/98: Beiðni um forúrskurð frá Landgericht Potsdam samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 27. apríl 1998 í máli Berliner Kindl Brauerei AG gegn Andreas Siepert.

Mál C-209/98: Beiðni um forúrskurð frá Østre Landsret samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 27. maí 1998 í máli FFAD – Entreprenørforeningens Affalds/Miljøsektion, fyrir hönd Sydhavnens Sten & Grus ApS, gegn Kaupmannahafnarborg, fimmta deild – umhverfisstjórnun.

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi⁽¹⁾ 98/EES/38/15

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 17. júní 1998 í máli T-174/95: Svenska Journalistförbundet gegn ráði Evrópusambandsins (aðgangur að upplýsingum – ákvörðun ráðsins 93/731/EB – beiðni hafnað um aðgang að skjölum ráðsins – aðgerð til ógildingar – mál dómtækt – VI. bálkur í Evrópusambandsáttmálanum – gildissvið undanþágu er varðar verndun á öryggi almennings – trúnaðarmál sem ráðið fjallar um – formlegur rökstuðningur – birting á rökum varnarinnar á Internetinu – brot á málsmeðferðarreglum).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 9. júní 1998 í sameinuðum málum T-10/97 og T-11/97: Unifrigo Gadus Srl og CPL Imperial 2 SpA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (endurgreiðsla á tolli eftir tollafgreiðslu – reglugerð (EBE) nr. 1697/79 – reglugerð (EBE) nr. 2454/93).

Ákvörðun dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 4. maí 1998 í máli T-84/97: Bureau Européen des Unions de Consommateurs (BEUC) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (undirboð – málsaðili – synjun – aðgerð til ógildingar – staðfestingarákvörðun – frestur – máli vísað frá).

Ákvörðun dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 14. maí 1998 í máli T-262/97: Anthony Goldstein gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (skaðabótamáli – mál ekki dómtækt).

Ákvörðun dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 26. maí 1998 í máli T-60/98 R: Ecord Consortium for Russian Cooperation gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (bráðabirgðaráðstafanir – beiðni um bráðabirgðaráðstafanir – ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um að hafna tilboði).

Mál T-59/98: Mál höfðað þann 6. apríl 1998 af Honeywell Inc. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-65/98: Mál höfðað þann 21. apríl 1998 af Van Den Bergh Foods Limited gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-78/98: Mál höfðað þann 19. maí 1998 af Unione Provinciale degli Agricoltori di Firenze, Azienda Agraria Fattoria Giannozzi, Unione Pratese degli Agricoltori, Consorzio Produttori dell'Olio Tipico di Oliva della Provincia di Firenze, Società Fondaria Colline Fiesolane SRL, Azienda Agraria Fattoria di Maiano, Azienda Agraria Tenuta Bossi, Azienda Agraria Il Valico, Azienda Agraria Il Bottaio gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Sjá Stjórnartíð. EB nr. C 234, 25. 7. 1998.

Mál T-80/98: Mál höfðað þann 25. maí 1998 af CIT Belgique SA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-81/98: Mál höfðað þann 25. maí 1998 af Patricia Boyes gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-85/98: Mál höfðað þann 29. maí 1998 af Fédération Internationale de l'Automobile gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-87/98: Mál höfðað þann 5. júní 1998 af International Potash Company (IPC) gegn ráði Evrópusambandsins.

Mál T-88/98: Mál höfðað þann 7. júní 1998 af Kundan Industries Limited og Tata International Limited gegn ráði Evrópusambandsins.

Mál T-89/98: Mál höfðað þann 8. júní 1998 af National Association of Lisenced Opencast Operators (NALOO) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-90/98: Mál höfðað þann 5. júní 1998 af AssiDomän Kraft Products AB og sex öðrum sænskum trjákvöðuframleiðendum gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.